



**Varðandi:** Fræðuferð til Malmö í Svíþjóð

**Málsnúmer:** 1502106

**Dagsetning:** 11. mars 2015

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að veita þeim starfsmönnum Akraneskaupstaðar sem eru að fara til Malmö í fræðsluferð dagana 14.-17. maí næstkomandi, leyfi til að sækja fræðslufund föstudaginn 15. maí.

---

**GREINARGERÐ:**

Í október 2014 hóf starfsmannafélag bæjarskrifstofu Akraneskaupstaðar undirbúning fræðsluferðar til Malmö í Svíþjóð. Lagt verður af stað frá Akranesi þann 14. maí næstkomandi (uppstigningardagur) og er flogið frá Keflavík til Kaupmannahafnar og þaðan til Malmö. Heimkoma er 17. maí.

Tuttugu og fimm starfsmenn eru skráðir í ferðina af öllum deildum bæjarskrifstofunnar. Dagskráin var skipulögð þannig að hver og ein deild fái kynningu á starfsemi sem hefur beina tengingu við þeirra störf.

Tilgangur ferðarinnar er að auka hæfni og þekkingu starfsmanna bæjarskrifstofunnar og veita þeim innsýn í hvernig sambærileg störf eru unnin í öðru landi og um leið afla nýrra hugmynda sem bætt geta starfsemina.

Starfsfólk greiðir allan kostnað af ferðinni sjálf, t.d. í gegnum fræðslusjóði stéttarfélaganna en einnig beint úr eigin vasa.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bærarstjóri